

# SAMSTARF Á AUSTURLANDI

## Saga Fjórðungspings Austfirðinga 1943-1964 og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 1966-2006

Út er komin bókin *Samstarf á Austurlandi* eftir Smára Geirsson. Bókin er í reynd í tveimur hlutum: Fyrri hlutinn fjallar um Fjórðungsping Austfirðinga en sá síðari um fjörutíu fyrstu starfsár Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Fjórðungspingið var samstarfsvettvangur þriggja sýslna og tveggja kaupstaða á Austurlandi en öll sveitarfélög fjórðungsins stóðu að Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

Í bókinni er greint frá starfsskipulagi þessara tveggja austfirsku samtaka og þeim verkefnum sem þau beittu sér fyrir. Fjórðungspingið vann markvisst að breytingum á íslensku stjórnarskránni ásamt því að vinna almennt að framfaramálum í landshlutanum. Stjórnarskrárbaráttan vakti mikla athygli en markmið hennar var fyrst og fremst að auka vald landshlutanna og efla fjárhagslegt sjálfstæði þeirra. Í reyndinni var bandaríska stjórnarskráin sú fyrirmynd sem Fjórðungspingið horfði til.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi var stofnað einungis tveimur árum eftir að starfsemi Fjórðungspings Austfirðinga leið undir lok. Sambandið fetaði í fótspor Fjórðungspingsins og hóf baráttu fyrir sameiginlegum hagsmunamálum íbúa landshlutans. Sambandið hefur haft frumkvæði að fjölda verkefna á fjórðungsvísu og fjölda stofnana sem þjónað hafa íbúunum.

Svæðisbundnu samstarfi sveitarstjórnarmanna í Íslandi hefur aldrei áður verið gerð jafnítarleg skil og í þessu riti. Þess vegna má segja að *Samstarf á Austurlandi* sé tímamótaverk og ætti í reynd enginn sveitarstjórnarmaður að láta ritið fram hjá sér fara.

Áskrifendalistar munu liggja frammi á aðalfundinum.